

Hulda Kristjánsdóttir

From: Haraldur R. Jónsson <haraldur.jonsson@haugen-gruppen.com>
Sent: þriðjudagur, 29. október 2024 15:35
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Umsókn um framkvæmdaleyfi til kolefnisbindingar
Attachments: 1031_241029140128_001.pdf; Umsögn MÍ 2.10.2024.pdf

Sæl Hulda.

Meðfylgjandi er umsókn til Sveitastjórnar Flóahrepps um framkvæmdaleyfi til skógræktar sem felur í sér kolefnisbindingu. Um er að ræða land áður í eigu Vatnsenda, nú í eigu Yrpuholts ehf.

Óskað er eftir að framkvæmdaleyfið verði gefið út á nýstofnað félag Yrpuás ehf. Kt. 500924-1870 sem mun sjá um framkvæmdir og eiga viðkomandi skógl.

Meðfylgjandi fylgir formleg umsókn til sveitastjórnar um framkvæmdaleyfi og einnig álit Minnjastofnunar um fyrirhugaða skógrækt á umræddu landi.

F.h. Yrpuás ehf. og Yrpuholts ehf.

Haraldur Jónsson

Sveitastjórn Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri.

Yrpuholti 29.10.2024

Með þessu erindi sæki ég um framkvæmdaleyfi til skógræktar fyrir hönd Yrpuás kt. 500924-1870, systurfélags Yrpuholts kt. 580412-1490 sem er eigandi landspíldu áður í landi Vatnsenda, gamla Villingaholtshreppi.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er á 53 ha svæði sem allt hefur landnúmerið 216103, norðan Villingaholtsvegar í Yrpuholtslandi.

Landið telst vera landbúnaðarland í flokki II. syðri helmingur landsins (23 ha) er í nágildandi aðalskipulagi merkt sem íbúðasvæði (ÍB8, Vatnsendi), en nyrðri hlutinn er landbúnaðarland.

Sveitastjórn Flóahrepps hefur fyrir sitt leyti samþykkt að íbúðasvæðinu verði breytt í landbúnaðarland og skógræktarland (fundargerð 304. fundar sveitarstjórnar 1. okt. 2024).


Fyrirhugað er að rækta alaskaösp, annarsvegar til kolefnisbindingar og hinsvegar til timburframleiðslu. Á ytri mörkum svæðisins sem og næst vegi verður gróðursett birki auk annarra tegunda.

Meðfylgjandi er bréf Minjastofnunar.

Ég óska eftir að sveitarfélagið kunngeri mér það, ef einhver fleiri gögn eru nauðsynleg með framkvæmdaleyfisumsókninni.

Fyrir hönd Yrpuás ehf og Yrpuholts ehf.

Haraldur Jónsson





Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 2. október 2024
MÍ202410-0012 / 6.10 / K.M.

Efni: Skógrækt á svæði úr landi Vatnsenda í Flóahreppi.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands hefur borist fyrirspurn um fornleifar á fyrirhuguðum skógræktarsvæði í landi Vatnsenda í Flóahreppi. Um er að ræða landsvæði sem er tæplega 53 ha stórt, landnúmer 216103.

Árið 2016 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi – Áfangaskýrsla III*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum í landi Vatnsenda. Á svæðinu sem um ræðir er skráð hringlaga tóft (ÁR-019:020). Um hana segir í skýrslunni:

Pýfð, hringlaga tóft er skammt sunnan við landamerki Vatnsenda og Þingdals/Vælugerðis ÁR-036. Tóftin er 1,7 km NNV við bæ 001 og 500 m norðan við tóftir 023. Vélgrafin skurður er 2-3 m norðan við tóftina. Skurðruðningurinn er beggja vegna við skurðinn nema á móts við tóftina, þar er hann allur til norðurs. Tóftin er í stórbýföldum móa, fast sunnan við holt sem liggar úr landi Þingdals/Vælugerðis ÁR-036. Ekkert myrlendi er á þessum slóðum. Tóftin er hringlaga og er 16x14 m í þvermál. Hún er einföld og ekkert op má greina á yfirborði. Veggir tóftarinnar eru 0,5 m á hæð og 0,8-1 m á breidd. Þeir eru afar óskýrir að innan sökum stórbýfis sem þar er. Umhverfis tóftina er slétt, grasivaxið svæði sem sker sig vel úr annars stórbýföldum móa. Sléttlendið er meðfram allri tóftinni og er 2-3 m á breidd. Þar var mögulega tekið torf við gerð tóftarinnar. Ekki sér til uppsafnaðra mannvistarlagra við, innan eða undir tóftinni á yfirborði. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en mögulega er um heimarétt að ræða eða heytóft.

Um leið og skógrækt verður skipulögð innan svæðisins þarf að gæta að því að trjáplöntum verði ekki plantað í tóftina eða í nágrenni hennar. Í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að umhverfis fornleifar skuli vera 15 m friðhelgað svæði nema annað sé ákveðið. Best

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnáslustigi og ekki kæranelegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstudiðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slikur rökstudiðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstudiðning fyrir ákvörðun skal vera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

væri að girða tóftina af á meðan á framkvæmdum á svæðinu stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Minjastofnun hefur átt samskipti við fulltrúa landeigenda svæðisins. Þar hefur komið fram að landeigandi hyggst friða svæðið þar sem tóftin stendur afmarka það og setja inn á skógræktaráætlun.

Ef tryggt verður að trjám verði ekki plantað innan friðhelgurnarsvæðis hringлага tóftar (ÁR-019:020) gerir Minjastofnun Íslands ekki athugasemd við að ráðist verði í skógrækt á tæplega 53 ha svæði, landnúmer 216103, á jörðinni Vatnsenda í Flóahreppi.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skilt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúi (vigfus@utu.is)

Haraldur R. Jónsson (haraldur.jonsson@haugen-gruppen.com)